

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 25.02.2013

25. fundur

25. febrúar 2013. kl 10:00-11:30

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

1. Grímsstaðir 3. Stofnun lóðar.

S20130201

Erindi dags 15. febrúar 2013 frá Steinunni Ósk Stefánsdóttur f.h. landeiganda þar sem sótt er um að skilgreind verði sérstök 600 m² lóð úr landi Grímsstaða 3 undir íbúðarhúsi með fastanúmeri 216-2949. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur (loftmynd) og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá Íslands.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun lóðarinnar

2. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Skipulagslýsing

S20120204

Lögð fram drög að skipulagslýsingu dags. í febrúar 2013 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum vegna deiliskipulags þéttbýlis Reykjahlíðar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur áherslu á eftirtalin atriði við gerð deiliskipulagsins:

- Það er eindregin stefna skipulagsnefndar/sveitarstjórnar að manggert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða.*
- Mannvirki skulu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi*

- við viðkvæmar aðstæður hverju sinni.
3. Einfaldar skúrabyggingar s.s. endurnýttar vinnubúðir eða gámaeiningar eru ekki viðeigandi húsgæðir í einstöku umhverfi Mývatnssveitar.
 4. Þar sem mannvirki kunna að verða heimiluð á eldhrauni skal þess gætt að rask verði sem minnst, mannvirki verði aðlöguð sem best að landslagi og hugað að afturkræfni framkvæmda.
 5. Skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn ber að meta þessi atriði við afgreiðslu byggingarleyfa með það að markmiði at tryggja gæði bygginga m.t.t. notagildis, endingar, tæknilegra gæða, útlits og formfegurðar.
 6. Ákvæði sem stuðla að vandaðri umhverfismótun og góðri byggingarlist skulu sett í deiliskipulagi viðkomandi svæða sbr. stefnu sveitarstjórnar í kafla 3.3.í aðalskipulagi. Vísað er til stefnu Íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja hvað snertir markmið og sjónarmið um gæði byggingarlistar og mótun hins manngerða umhverfi.
 7. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir hæðarlegu gólfkóta bygginga og mannvirkja m.t.t. hæðarlegu aðliggjandi lands.
 8. Stefnt skal að því að öll ný atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum verði óheimil. Leitast skal við að atvinnustarfsemi sé fundinn staður á Verslunar- og þjónustusvæði(S/V), Miðsvæði(M) eða á Athafnasvæði(A)

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að þegar brugðist hefur verið við framkomnum áherslum nefndarinnar verði lýsingin samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila um hana og hún kynnt fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

3. Hitaveita Skútustaðahrepps. Ýmis mál.

V20130102

Tekið fyrir að nýju málefni Hitaveitu Skútustaðahrepps. Á síðasta fundi skipulags- og umhverfisnefndar fól hún Karli Emil Sveinssyni og Birgi Steingrímssyni að fara yfir og uppfæra framkvæmdaáætlun hitaveitu í samráði við ráðsmann og leggja fram tillögu að endurskoðaðri áætlun á næsta fundi nefndarinnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd fagnar endurskoðaðri framkvæmdaáætlun og leggur til við sveitarstjórn að hún verði samþykkt.

4. Geiteyjarströnd. Skipulagslýsing

S20130202

Erindi dags 21. febrúar 2013 frá Birni Jóhannssyni á verkfræðistofunni Mannviti, f.h. Geiteyjar ehf. þar sem sótt er um heimild sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af verslunar- og þjónustusvæði og opnu svæði til sérstakra nota. sem skilgreind eru sem 352-O/V í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem er nú til lokameðferðar. Einnig óskar hann eftir að nefndin taki til umfjöllunar drög að deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar skipulagsgerðar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að landeiganda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af svæði því sem hér um ræðir. Nefndin bendir umsækjanda á að áður en skipulagslýsingin verður tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn þurfi eftirfarandi áherslur nefndarinnar/sveitarstjórnar að koma fram í lýsingunni (Sbr. Kafli 4.1.3 Byggingarlist og mannvirkjagerð í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023):

- 1. Það er eindregin stefna skipulagsnefndar/sveitarstjórnar að manngert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða.*
- 2. Mannvirki skulu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi við viðkvæmar aðstæður hverju sinni.*
- 3. Einfaldar skúrabyggingar s.s. endurnýttar vinnubúðir eða gámaeiningar eru ekki viðeigandi húsgerðir í einstöku umhverfi Mývatnssveitar.*
- 4. Þar sem mannvirki kunna að verða heimiluð á eldhrauni skal þess gætt að rask verði sem minnst, mannvirki verði aðlöguð sem best að landslagi og hugað að afturkræfni framkvæmda.*
- 5. Skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn ber að meta þessi atriði við afgreiðslu byggingarleyfa með það að markmiði að tryggja gæði bygginga m.t.t. notagildis, endingar, tæknilegra gæða, útlits og formfegurðar.*
- 6. Ákvæði sem stuðla að vandaðri umhverfismótun og góðri byggingarlist skulu sett í deiliskipulagi viðkomandi svæða sbr. stefnu sveitarstjórnar í kafla 3.3.í aðalskipulagi. Vísað er til stefnu íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja hvað snertir markmið og sjónarmið um gæði byggingarlistar og mótun hins manngerða umhverfi.*
- 7. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir hæðarlegu gólfkóta bygginga og mannvirkja m.t.t. hæðarlegu aðliggjandi lands.*

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að þegar brugðist hefur verði við fyrrgreindum áherslum nefndarinnar verði lýsingin samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila um hana og hún kynnt fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

5. Garður II. Hitaveita

V20130203

Erindi dags. 1. febrúar 2013 frá Kára Þorgrímssyni, Garði II, þar sem hann telur að Hitaveita Reykjahlíðar sé ekki fullnægjandi húshitunarkostur og ólíklegt að hans mati að ásættanlegar úrbætur á veitunni verði gerðar á næstu árum. Hann hefur því tekið til skoðunar aðra húshitunarkosti og óskar eftir viðræðum við stjórn eða framkvæmdastjóra veitunnar um það að kaupa áfram vatn af veitunni til annarra nota en upphitunar þ.e. neysluvatn í íbúðarhúsnæði og fjós.

Samkvæmt endurskoðaðri framkvæmdaáætlun Hitaveitu Reykjahlíðar er stefnt að því að hitaveitulögn að Garði verði endurnýjuð á árinu 2015. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar eru ákvæði um að „Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem vatnsæð hitaveitu liggur er skylt að láta tengja

hitunarkerfi við hitaveituna“. Engin ákvæði eða kvaðir eru hins vegar í reglugerðinni um einhver lágmarkskaup á vatni til húshitunar eða neyslu. Nefndin leggur til að sveitarstjóra verði falið að ræða nánar við umsækjanda um hugmyndir hans.

6. Önnur mál

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði grein fyrir kærum til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við Vogafjós. Kærendur eru Þórhallur Kristjánsson í Björk og Hjördís Albertsdóttir í Hólmum.

Fundi slitið